



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu, miðvikudaginn 4.01.2017, kl. 17:30

Mættir: Sigurður Bjarnason, Þorsteinn Þorbergsson, Kristján B. Thorlacius, Ásta Kristjánsdóttir, Sigríður Dís Guðjónsdóttir, Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir, Þorsteinn Júlíus Árnason. Einnig sat fundinn Ása Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundagerðina.

Fundagerð:

Formaður, Sigurður Bjarnason, setti fundinn og stýrði

1. Samþykkt á fundagerð seinasta stjórnarfundar
Niðurstaða: fundagerð samþykkt
2. Endurnýjun samninga við Garðabæ
Framkvæmdastjóri fór yfir drög af samningi og þær breytingar sem verið er að gera í uppsetningu hans. Um frumdrög frá Garðabæ að ræða og því margt sem þarf að skila athugasemdum tilbaka við. Ákveðið var að formaður myndi óska eftir fundi með Bæjarstjóra til að fara yfir málið.
3. Breytingar á úthlutun styrkja til deilda í takti við breytingar á samningi
Þar sem ekki er sér liður núna um barna- og unglíngastyrk verður úthlutun til deilda vegna barna- og unglíngastarfs sett í annað fyrirkomulag. Framkvæmdastjóra er falið að koma með tillögu að fyrirkomulagi og uppsetningu og kynna fyrir stjórn.
Stjórn Afrekssjóðs og framkvæmdastjóra er falið að fara yfir úthlutun og koma með tillögu að úthlutun úr sjóðnum fyrir árið 2017.
4. Málefni körfuknattleiksdeildar
Niðurstaða:
Þorsteinn tilskipaður tilsjónarmaður körfuknattleiksdeildar frá síðasta stjórnarfundum fór yfir stöðu deildarinnar og það inngrip sem gert hefur verið til að reyna að ná viðsnúningi í fjármálum deildarinnar og samskiptum stjórnarinnar.
5. Útgönguspá fyrir knattspyrnudeild 2016 og málefni meistaraflokks kvk í knattspyrnu
Framkvæmdastjóri fór yfir útkomuspá fyrir knattspyrnudeild þar sem hún lág ekki fyrir á seinasta stjórnarfundum. Barna- og unglíngastarf deildarinnar er í ágætum farvegi fjárhagslega eftir að æfingagjöld voru hækkuð í haust, meistaraflokkur karla er í eðlilegum horfum en taprekstur er á meistaraflokki kvenna sem þarf að fylgjast vel með.
Niðurstaða: Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri munu funda með formanni deildarinnar til að fara yfir stöðu meistaraflokks kvenna og leita leiða við að snúa við rekstri flokksins.
6. Önnur mál
 - a. Prófkúra framkvæmdastjóra
Stjórnarmenn undirrituðu prófkúruréttindi fyrir framkvæmdastjóra að bankareikningum félagsins.



B. Beiðni World Class fyrir byggingu líkamsræktar á byggingareiti við Ásgarð
Framkvæmdastjóri hefur sent beiðni til Bæjarstjóra um að Stjarnan sé höfð með í ráðum
ef fyrirhugað er að samþykkja beiðni World Class.

fundi var slitið kl. 19:50, Ritað ÁÍP